

10. SEPTEMBER
2022

HARPA
ELDBORG



Daniil Trifonov

EINLEIKSTÓNLEIKAR

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum á meðan á
tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverks.

Tímalengd verka:

Myndabók æskunnar, Op. 39 30'

Fantasía í C-dúr, Op. 17 30'

Píanósónata nr. 3, Op. 5 40'

Tónleikarnir eru teknir upp og sendir út á Rás 1 síðar.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Daniil Trifonov

EINLEIKSTÓNLEIKAR

Daniil Trifonov
einleikari

Pjotr Tsjajkovskíj

Myndabók æskunnar Op. 39

1. Morgunbæn
2. Vetrarmorgunn
3. Leikfangahestar
4. Mamma
5. Mars tindátanna
6. Veika brúðan
7. Jarðarför brúðunnar
8. Vals
9. Nýja brúðan
10. Masúrki
11. Rússneskt lag
12. Harmonikkuleikarinn
13. Kamarinskaja (rússneskur dans)
14. Polki
15. Ítalskt lag
16. Gamalt, franskt lag
17. Þýskt lag
18. Lag frá Napolí
19. Saga barnfóstrunnar
20. Galdrakarlinn
21. Ljúfir draumar
22. Söngur lævirkjans
23. Maðurinn með lýrukassann syngur
24. Í kirkjunni

Róbert Schumann

Fantasía í C-dúr, Op. 17

- I. Durchaus fantastisch und leidenschaftlich vorzutragen; Im Legenden-Ton
- II. Mäßig. Durchaus energisch
- III. Langsam getragen. Durchweg leise zu halten

Hlé

Jóhannes Brahms

Píanósónata nr. 3, Op. 5

- I. Allegro maestoso
- II. Andante. Andante espressivo – Andante molto
- III. Scherzo. Allegro energico avec trio
- IV. Intermezzo (Rückblick / Regard en arrière)
Andante molto
- V. Finale. Allegro moderato ma rubato

For information in English about tonight's programme, please visit the Icelandic Symphony Orchestra's website: en.sinfonia.is



Daniil Trifonov kom í fyrsta sinn fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Evu Ollikainen þann 8. september síðastliðinn, þegar hann lék einleik í fjórða píanó-konsert Beethovens. Hann hefur einu sinni áður komið fram á tónleikum í Hörpu, en hann var einleikari með Philharmonia-hljómsveitinni sem lék í Eldborg haustið 2015 undir stjórn Jakobs Hrusa.

Daniil Trifonov

EINLEIKARI

Rússinn Daniil Trifonov er einn dáðasti píanóleikari samtímans – „tvímælalaust undraverðasti ungi píanisti okkar tíma,“ skrifar gagnrýnandi stórblaðsins The Times um leik hans. Trifonov fæddist í Nizhny Novgorod árið 1991. Hann hóf píanónám fimm ára gamall og hélt sína fyrstu einleikstónleika einungis tveimur árum síðar. Hann nam í Moskvu og frá 2009–2015 hjá Sergej Babayan í Cleveland í Bandaríkjunum.

Trifonov skaust upp á stjörnuhimininn þegar hann bar sigur úr bítum í Tsjajkovskíj-keppninni í Moskvu árið 2011, tvítugur að aldri, og hefur hann síðan komið í helstu tónleikasölum veraldar. Trifonov hefur hlotið fjölda alþjóðlegra verðlauna fyrir list sína – árið 2018 hlaut hann til að mynda hin virtu Grammy-verðlaun fyrir einleiksplötu sína Transcendental, sem hafði að geyma hljóðritanir á verkum eftir Franz Liszt, auk þess sem tímaritin Gramophone og Musical America hafa útnefnt hann tónlistarmann ársins. Trifonov hefur hljóðritað fjölda platna fyrir þýska útgáfurisann Deutsche Grammophon en í fyrra kom út plata hans helguð tónlist Jóhanns Sebastíans Bachs.

Trifonov hefur komið fram með helstu hljómsveitum heims og hefur gegnt stöðu staðarlistamanns hjá Fílharmóníusveitunum í New York og Berlín. Á síðasta starfsári lék Trifonov alla fimm píanókonserta Beethovens með átta mismunandi hljómsveitum í fremstu röð víðs vegar um heiminn.



Pjotr Tsjajkovskij

MYNDABÓK ÆSKUNNAR, OP. 39

„Fyrir skemmstu datt mér í hug að það væri ekki slæm hugmynd að leggja þó ekki væri nema lítið eitt af mörkum til barnatónbókmenntanna sem er lítið til af. Mig langar að semja röð stuttra verka fyrir börn með aðlaðandi titli, rétt eins og Schumann.“

Svo komst rússneska tónskáldið Pjotr Tsjajkovskij (1840–1893) að orði í bréfi til velgjörðakonu sinnar og trúnaðarvinnar, Nadezhdu von Meck, í bréfi snemma árs 1878. Nokkrum mánuðum áður en þetta bréf var samið hafði Tsjajkovskij svo enn fremur tjáð útgefanda sínum, Pjotr Jurgenson, að hann langaði til þess að semja nokkur auðleikin verk í anda Schumanns.

Tsjajkovskij tók til óspilltra málanna og hóf að semja *Myndabók æskunnar* vorið 1878 og í maí sama ár lágu drög að 24 smálögum fyrir (sagan segir að Tsjajkovskij hafi raunar samið verkið á fjórum dögum). Hann lauk svo endanlega við verkið í júlí og var það gefið út í ágúst 1878. Verkið tileinkaði Tsjajkovskij ungum frænda sínum, Vladimir Davydov. Í verkinu styðst tónskáldið meðal annars við rússnesk og ítölsk þjóðlög en laglínur úr verkinu skutu síðar upp kollinum í til að mynda ballettinum *Svanavatninu* og óperunni *Mærin frá Orleans*.

Flest smálögin í *Myndabók æskunnar* eru afar stutt, sum jafnvel ekki nema ríflega tuttugu taktar (það lengsta er tæpir níutíu taktar). Þar segir meðal annars frá leikfangahestum, tindátum, brúðum og galdrakarli en undirtitill er einmitt „24 smálög í anda Schumanns“. Vísar þar Tsjajkovskij einmitt til *Bernskumynda* (*Kinderszenen*) eftir þýska meistaranum.

Um svipað leyti og Tsjajkovskij var að semja *Myndabók æskunnar* hafði hann til að mynda samið fyrstu fjórar

sinfóníur sínar og óperuna *Evgeníj Onégin* en hér, eins og þar, birtist óskoraður hæfileiki tónskáldsins til að setja saman grípandi laglínur, hvort heldur sem þær voru frumsamdar eða þá Tsjajkovskíj studdist við einhvers konar fyrirmyndir.

Myndabók æskunnar hefur verið hljóðrituð þónokkrum sinnum, til að mynda af Mikhail Pletnev og Valentinu Lisitsa. Þá hefur það verið útsett fyrir bæði strengjakvartett og hljómsveit. Sjálfur hefur Daniil Trifonov einmitt sagt verkið með því innblásnasta sem Tsjajkovskíj samdi.



Róbert Schumann

FANTASÍA Í C-DÚR, OP. 17

Róbert Schumann fæddist árið 1810, var sonur bóksala og fékk snemma mikinn áhuga á bókmenntum. Schumann var ekkert undrabarn í tónlist en setti sér snemma það markmið að verða píanisti. Hann nam hjá Friedrich Wieck, frægum kennara, en talið er að notkun hjálpartækis til að styrkja fingurna hafi á endanum valdið doða í löngutöng hægri handar sem gerði út af við allan frama Schumanns sem píanista. Friedrich þessi átti hins vegar dóttur, Clöru að nafni, og þau Schumann felldu saman hugi og gengu á endanum í hjónaband árið 1840, þrátt fyrir hávær mótmæli tengdaföðurins – raunar þurfti að útkljá það mál fyrir dómstólum.

Það er býsna auðvelt að hluta niður tónskáldaferil Schumanns, að minnsta kosti í stórum dráttum. Fyrstu áratugina samdi hann einkum píanóverk – mörg þeirra fyrir eiginkonu sína, Clöru, sem var einn fremsti píanisti veraldar á sinni tíð. Þá tóku meðal annars við sönglögin sem náðu hámarki í Liederkreise og Dichterliebe. Svo má einnig nefna til að mynda sínfóníuárið, það er að segja 1841, þegar hann samdi fyrstu sínfóníuna sína, Vorsínfóníuna, og lagði ítarleg drög að þeirri fjórðu.

Fantasía Róberts Schumanns í C-dúr ópus 17 var upphaflega samin árið 1836 en birtist fyrst á prenti 1839 í endurskoðaðri útgáfu, þá tileinkuð Franz Liszt. Það er margra manna mál að verkið sé í hópi bestu verka sem Schumann samdi fyrir einleikspíanó en hvað sem til er í því má slá því föstu að um sé að ræða eitt af öndvegisverkum snemm-rómantíkurinnar.

Rómantík í tónlist á rætur sínar að rekja til bókmenntastefnu sem kom fyrst fram í Evrópu á síðustu áratugum 18. aldar og áhrif hennar vörðu þar

fram til um 1830 þegar stefnan úrættaðist á marga lund en þess ber þó að geta að rómantíkurinnar gætti mun lengur í íslenskum bókmenntum. Þannig var hún hér mótandi afl hér á landi út 19. öldina, að vissu leyti í sinni upprunalegu og róttæku mynd. Rómantíkin bar einmitt með sér innhverfari tónlist sem var látin tjá innstu sálarkíma. Þannig er Fantasía Schumanns býsna ástríðufull tónsmíð, full til jafns af þeirri alsælu og örvæntingu sem rúmast í tilfinningalífi ástfangins ungmennis.

Schumann var 26 ára þegar hann samdi verkið en á þeim tíma var hann aðskilinn frá Clóru og óvíst hvort þau næðu saman aftur. Sjálfur skrifaði Schumann til Clóru: „Fyrsti kafllinn kann að vera sá ástríðufyllsti sem ég hef nokkurn tímann samið ...“ og telja enda margir verkið vera nokkurs konar ástarbréf í tónum. Upphaflega var það þó samið til heiðurs Beethoven.

Fantasían er þremur þáttum í lauslegu sönötuformi. Sá fyrsti ber einkenni rapsódíu og er fullur ástríðu eins og fyrr segir. Annar kafli er í mikilfenglegu rondó-formi og ber að hluta til tilfinningaleg einkenni fyrsta þáttarins. Loks er þriðji þátturinn hægur og að mörgu leyti íhugull.

Fantasían gerir miklar kröfur til einleikarans og raunar var það svo að á tíma Schumanns var Liszt einn fárra píanista sem hafði tæknilega burði til þess að gera verkinu skil, sérstaklega öðrum þættinum. Liszt lék verkið hins vegar aldrei opinberlega en lagði það meðal annars fyrir nemendur sína. Hins vegar lék hann það eitt sinn fyrir Schumann sjálfan sem eins og fyrr segir tileinkaði Liszt verkið (sjálfur tileinkaði Liszt h-moll píanósónötu sína Schumann). Clara Schumann lék hins vegar Fantasíuna margoft opinberlega en þó ekki fyrr en frá og með árinu 1866 eða um áratug eftir að Schumann féll frá.



Jóhannes Brahms

PÍANÓSÓNATA NR. 3, OP. 5

Stundum er tímabilið frá 1789 til 1914 kölluð „langa 19. öldin“. Þetta var mikið umbrotaskeið þar sem flest svið mannlífsins tóku breytingum, stundum í kjölfar byltinga, sumpart iðnvæðingar en auk þess má nefna borgarmenningu og ný þjóðríki – sameining þýsku ríkjanna er þar nærtækasta dæmið.

Þá hefur tónlist 19. aldar eins og hún leggur sig endum og sinnum verið lýst sem „rómantískri“ en það er alltof vítt hugtak til þess að ná yfir allt það sem þá var samið. Nægir það að nefna tónlist Beethovens sem fellur að mestu undir klassíska tímabilið, Schubert – sem er á mörkum klassíkur og rómantíkur, hreinræktuð rómantísk tónskáld, eins og Schumann, Berlioz, Mendelssohn og Chopin, og svo tónskáld sem fóru ólíkar leiðir í að þróa áfram rómantísku stefnuna, og má þar að nefna í haldssamari arminn sem Brahms leiddi, og svo tónskáld á borð við Wagner og Liszt, sem vildu brydda upp á nýjungum í stíl og formi. Anton Bruckner fór kannski bil beggja, en það er alveg víst að verk Mahlers sem samin voru undir lok 19. aldar teygðu sig sífellt nær móðernisma.

Jóhannes Brahms stóð á tvítugu þegar hann bankaði upp á hjá Schumann-hjónunum, Róberti og Clöru, í Düsseldorf árið 1853 með meðmæli frá fiðlusnillingnum Joachim. Schumann var gagntekinn af unga manningum og skrifaði afar lofsverðan pistil í tímarit sitt, *Neue Zeitschrift für Musik*, og sagði hinn unga Brahms hafa sprottið fram fullproska eins og Aþenu úr höfði Seifs og útnefndi hann vonarstjörnu þýskrar tónlistar. Sjálfur átti Schumann skammt eftir ólífað og eyddi raunar tveimur síðustu árum sínum á geðsjúkrahúsi, farinn að heilsu. Brahms gekk börnum hans í föðurstað og þrátt fyrir töluverðan aldursmun varð samband hans við Clöru afar náð; raunar svo náð

að úr varð ástarsamband sem lengi var milli tannanna á samtíðarfólki þeirra og raunar sporgöngumönnum.

Um það leyti sem Brahms kvaddi dýra í Düsseldorf hafði hann samið tvær fyrstu píanósónötur sínar og vann að þeirri þriðju (og síðustu). Verkið er að mörgu leyti óvenjulegt. Það er geysi langt, af símfónískri stærðargráðu og er uppfyllt af bæði andríki og hugmyndaauðgi. Sónatan er í fimm þáttum (sem er óvenjulegt) en segja má að fjórði þátturinn sé „aukakaþáttur“ verksins (merktur *Intermezzo*).

Fyrsti þátturinn, sem er í sönötuformi, hefst á f-moll hljómunum í *fortissimo* sem spanna nánast allt tónsvið píanósins. Þá kynnir tónskáldið til sögunnar tvö stef, hið fyrra í f-moll og hið seinna í c-moll sem er jafnframt tilvitnun í Beethoven (örlagastefið úr fimmtu símfóníunni). Annar þátturinn hverfist um tilvitnun í ljóð eftir Otto Inkermann (ort undir dulnefninu C.O. Sternau) og hann inniheldur einnig tvö hugljúf stef. Þriðji þátturinn er *Scherzo* og tríó og þar vitnar Brahms m.a. í píanótrío nr. 2 ópus 66 eftir Felix Mendelssohn. Hér kallast á óróinn í *Scherzo*-inu og svo rólegri og lýrískari tríó-kaflinn þar sem við heyrum enn og aftur vitnað í Beethoven. Fjórði kaflinn („aukakaflinn“) hefst á upphafsstefi annars þáttarins, en að þessu sinni í annarri tóntegund. Loks er fimmti og síðast kaflinn í rondó-formi. Hann hefst í upphaflegri tóntegund verksins, f-moll, en hverfist svo um stef á nótunum F, A og E sem stefndur fyrir *Frei aber einsam* (frjáls en einmanna). Eftir mikið flakk á milli tóntegunda endar svo sönatan í glaðværum F-dúr.

Magnús Lyngdal Magnússon

Á döfinni

15.09 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



Dísella og Danzmayr

Á þessum tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands hljóma ýmis verk með tengsl við nýja heiminn undir stjórn Davids Danzmayr, sem nýtur mikillar velgengni sem hljómsveitarstjóri vestanhafs. Sinfónían „Úr nýja heiminum“ er eitt af lykilverkum í þjóðlegri símfóníusmíði 19. aldar, en hana samdi Dvořák þegar hann var búsettur í Bandaríkjunum. Frumkvöðullinn Charles Ives sækir líka innblástur í tónlist heimamanna vestra, þar á meðal í ættjarðarsöngva, hergöngulög og sálma, en Þrír staðir í Nýja Englandi er meðal vinsælustu tónsmíða hans.

Dísella Lárusdóttir hefur unnið hvern listrænan sigurinn á fætur öðrum sem söngkona við Metrópólitan-óperuna í New York. Söngur hennar hefur hlotið mikið lof gagnrýnenda, til að mynda í stórblaðinu New York Times, sem hrósaði henni fyrir fádæma nákvæmni í bland við magnaða túlkun í óperu Philips Glass, Akhnaten.

29.09 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



Eva stjórnar Vorblóti

Flutningur Vorblóts eftir Stravinskíj telst ávallt stórvíðburður hér á landi en verkið er meðal dádustu hljómsveitarverka 20. aldar og um leið eitt hið áhrifamesta. Þannig kallaði tónskáldið og hljómsveitarstjórinn Pierre Boulez það „fæðingarvottorð nútímatónlistar“. Í verkinu er lýst fornri helgiathöfn þar sem ein úr hópi ungra meyja er valin til að dansa sig til dauða – og tryggja þannig komu vorsins. Vorblót er kraftmikill lokahnykkur á efnisskrá þessara tónleika, þar sem fyrri hlutinn hverfist um glæsilega fulltrúa íslenskrar samtímatónlistar.

Anna Þorvaldsdóttir er í hópi áhrifamestu tónskálda samtímans og verk hennar eru flutt af fremstu hljómsveitum heims, þar á meðal CATAMORPHOSIS sem var pantað af Berlínarfílharmóníunni, Fílharmóníusveitinni í New York, Sinfóníuhljómsveitinni í Birmingham og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Verkið var frumflutt í Berlín í janúar 2021 og hefur farið sigurför um heiminn. Kirill Petrenko, aðalhljómsveitarstjóri Berlínarfílharmóníunnar, lýsti einmitt verkinu sem „stórkostlegu“.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Áskrift að upplifun

TÓNLEIKARAÐIR
2022 | 2023

Nýtt starfsár Sinfóníuhljómsveitar Íslands er perlum og stjörnum prýtt – boðið er upp á sex ólíkar tónleikaraðir á starfsárinu 2022-2023. Þú getur komið í áskrift að þeirri tónleikaröð sem höfðar mest til þín og valið þér sæti í Eldborg, eða keypt Regnbogakort sem gefur þér kost á að setja saman tónleikaröð eftir eigin höfði.

Áskrift að tónleikaröðum og Regnbogakorti veitir
20% afslátt af almennu miðaverði.

Nánari upplýsingar í miðasölu
Hörpu og á sinfonia.is.

SINFONIA.IS